

**Nd.** **820. Frumvarp til laga** [202. mál]

um breyting á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967,  
um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. apríl.)

**1. gr.**

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Þó skal bönnuð öll veiði með dragnót, flotvörpu eða botnvörpu í Faxaflóa (en með því er átt við svæði innan línu, sem dregin er frá punkti réttvísandi í vestur 6 sjómílur frá Garðskaga og þaðan beint í Malarrif).

Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum, skal leyfisveiting, þrátt fyrir ákvæði laga nr. 40 9. júní 1960, við það miðuð, að veiðin sé heimil á tímabilinu 15. júlí til 30. nóv. eða skemmri tíma.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.